

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Öldur III, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. október 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæðið Öldur III á Hellu. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir lóðum fyrir einbýlis-, rað- og parhús, á einni til tveimur hæðum. Með gildistöku nýs deiliskipulags er eldra skipulag, dagsett í maí 2007, fellt úr gildi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 24. október 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. nóvember 2018